

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þann 20.04.2020, kl.13:00, á skrifstofu SORPU bs. Gylfaflöt 5 og í fjarfundi.

426. fundur. Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður, fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir.

### Mætt:

Birkir Jón Jónsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Ingason framkvæmdastjóri og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestur fundarins var Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður. Gestur undir lið 2 var Birgir Björn Sigurjónsson.

### Tekið fyrir:

1. Staðan sbr. áhrif sóttvarna á reksturinn  
Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um stöðuna og viðbrögð SORPU í sóttvarnarmálum vegna Covid-19. Starfsemin hefur gengið vel og SORPA náð að uppfylla skyldur sínar í úrgangsmálum.
2. Fjárhagsleg endurskipulagning: Staðan eftir eigendafund 6. apríl rædd
  - Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir kynningu á vinnugögnum með hugmyndum varðandi fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins á eigendafundi SORPU þann 6. apríl síðastliðinn. Fram kom að eigendur hefðu óskað eftir fyllri greiningu á helstu áhrifaþáttum.
  - Birgir Björn Sigurjónsson, sérfræðingur, gerði grein fyrir vinnu fjármálahópsins. Stjórnarformaður sagði frá því að hann hyggðist funda með framkvæmdastjórum eigenda hvers um sig ásamt viðkomandi stjórnarmanni hvers sveitarfélags með það fyrir augum að draga saman gleggri mynd af væntingum eigenda um þróun mála.
  - Framkvæmdastjóri lagði fram áætlun um framvindu vinnu við gerð og kynningu tillagna um fjárhagslega endurskipulagningu SORPU (fylgiskjal).
3. Sjálfsmat stjórnar – tillaga að útfærslu lögð fram til kynningar  
Framkvæmdastjóri kynnir hugmynd að árangursmati stjórnar og framkvæmdastjóra. Framkvæmdstjóra falið að hefja vinnu um árangursmat.
4. Staða verkefna í Gufunesi og Álfsnesi  
Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu mála í verkefnum í Gufunesi og Álfsnesi. Framvinda er góð í öllum verkefnum.
5. Tillaga um formlega opnun GAJA  
Framkvæmdstjóri kynnir að formleg opnun GAJA verði 5. júní 2020
6. Önnur mál  
Stjórnarformaður leggur til að á næsta fundi verði kynnt starfsáætlun stjórnar - sem hann mun gera tillögu að ásamt framkvæmdastjóra.  
Skrifstofustjóri ræðir möguleika á bættum rekstrarupplýsingum til stjórnar á stjórnarfundum. Skrifstofustjóri mun taka saman rekstrarupplýsingar frá og með næsta stjórnarfundu til aukinnar upplýsinga um rekstur SORPU bs.  
Lögð er fram tillaga framkvæmdastjóra fyrir endurvinnslustöðvar um að lengja opnunartíma þeirra um 1 klst. á dag fram til 4. maí 2020. Stjórn samþykkir tillöguna.  
Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um að yfirverkfræðingur hefur látið af störfum.

## 7. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 18. maí kl. 13:00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 14:41

<b>Jóna Sæmundsdóttir</b> Samþykkt	<b>SV: Fundargerð 426. stj...</b> þri. 21.4.2020 12:36
<b>Bjarni Torfi Álfþórsson</b> samþykkt	<b>Re: Fundargerð 426. stj...</b> þri. 21.4.2020 08:57
<b>Birkir Jón Jónsson</b> Samþykkt. Kveðja góð Birkir Jón	<b>SV: Fundargerð 426. stj...</b> þri. 21.4.2020 01:18
y	
<b>Ágúst Bjarni Garðarsson</b> Samþykkt	<b>RE: Fundargerð 426. stj...</b> mán. 20.4.2020 21:32
<b>Kolbrún G. Þorsteinsdóttir</b> Sæl Guðrún Bara smávægilegt frá mér - vantar bíl á verðis. júní. Annars samþykkt. Kær kveðja, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir	<b>Re: Fundargerð 426. stj...</b> mán. 20.4.2020 21:14
<b>Líf Magneudóttir</b> samþykkt Bestu kveðjur - Líf Magneudóttir	<b>SV: Fundargerð 426. stj...</b> mán. 20.4.2020 20:20